

Ríkislögreglustjórinn,  
v.t. hr. Jón H. Snorrason,  
Skúlagötu 21,  
101 Reykjavík.

Ríkislögreglustjórinn

Innk. 7. JÚLÍ 2004  
Málsnr. 2002080298  
Bréfal. 454

Reykjavík 7. júlí 2004.

**Efni:** Svar við bréfi yðar dags. í Reykjavík hinn 5. júlí s.l. Tilvísun 2002080298 454.0. Beiðni um upplýsingar og aðgang að bókhaldi Fjárfars ehf. vegna rannsóknar 006-2002-00086.


Vísað er til ofangreinds bréfs og samtals við Arnar Jensson í gær. Fjárfar ehf. hefur falið mér undirrituðum héraðsdómslögmanni að svara erindi yðar.

Afstaða félagsins er sú, að hvorki standi laga- né efnisrök fyrir þeirri beiðni að heimila embættinu sjálfstæðan og óheftan aðgang að bókhaldi félagsins. Þrátt fyrir að lögreglu beri að afla gagna í þágu rannsóknar opinbers máls, verður ekki séð að lagaheimild sé fyrir beiðni sem þessari, a.m.k. er hún ekki tiltekin í bréfinu. Þrátt fyrir að sú skylda hvíli á aðila að aðstoða lögreglu við rannsókn mála tekur sú skylda mið af meðalhófi. Komi fram óyggjandi lagarök þess efnis að félaginu beri að veita þann aðgang sem óskað er eftir mun afstaða félagsins verða endurskoðuð í ljósi þess.

Þær upplýsingar sem embættið telur sig þurfa á að halda eru settar fram með nokkuð greinargóðum hætti í bréfinu. Ekkert ætti því að vera til fyrirstöðu að félagið afhenti embættinu öll gögn í bókhaldi félagsins sem varðar það sem óskað er upplýsinga um. Leitað verður eftir því við endurskoðanda félagsins að hann staðfesti þær upplýsingar. Með þessu er það mat undirritaðs að félagið uppfylli þær skyldur sem á því hvíla varðandi aðstoð við lögreglu.

Vegna anna undirritaðs fyrri part vikunnar, fyrirhugaðrar fjarveru fimmtudag og föstudag og þess að lykilaðilar eru ekki á landinu verður hins vegar ekki hægt að huga að svari fyrir en eftir helgina. Stefnt er að því að svar liggi fyrir eigi síðar en 15. júlí n.k.

Virðingarfyllst,

  
Einar Þór Sverrisson, hdl.

Lögmenn Laugardal ehf